



Pallborð um lifrabólgu C átaksverkefnið. Ragnheiður Hulda Friðriksdóttir hjúkrunarfræðingur og verkefnastjóri, Sigurður Ólafsson læknir, Margaret Hellard prófessor, Valgerður Rúnarsdóttir yfirlæknir á Vog, María Heimisdóttir forstjóri Sjúkratrygginga og Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir.

# Mikilvægt að halda áfram

Ísland meðal fyrstu ríkja til að útrýma lifrabólgu C. Læknar vongóðir um að árangrinum verði viðhaldið, en framhaldið enn óákveðið

■ ■ ■ Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir

Mikilvægt er að halda þeim árangri sem náðst hefur hér á landi síðustu þrjú ár við að útrýma lifrabólgu C. „Það er auðvelt að hleypta þessu aftur upp í vitleysu. Það þarf að halda árvekni og heilmikil vinna er enn eftir,” segir Ragnheiður Hulda Friðriksdóttir, hjúkrunarfræðingur og verkefnisstjóri þess að útrýma lifrabólgu C hér á landi á þremur árum, 2016-2019. Síðustu sjúklingar þessarar þriggja ára áætlunar hefja meðferð nú í janúar og verða í henni næstu 6 mánuði. Aðrir verða meðhöndlaðir til ársloka, en framhaldið er óákveðið.

Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra benti á í málstofu um verkefnið á Læknadögum að árangurinn sem náðst hefur gæti leitt til þess að Ísland verði fyrst ríkja til að útrýma lifrabólgu C. „Reynslan hér á landi mun nýtast alþjóðlega og hjálpa til við að meðhöndla lifrabólgu C um allan heim.“

Sigurður Ólafsson læknir segir verkefnið hafa fengið öflugan stuðning frá heilbrigðisyfirvöldum. Hann óttist því ekki að yfirvöld láti staðar numið að því loknu: „Þau hafa stutt þetta kröftuglega

frá upphafi,” sagði hann við *Læknablaðið* að lokinni málstofunni.

Um 800 hafa þegið endurgjaldslausu meðferð, meirihluti þeirra karlar eða vel þrefalt fleiri en konur. Lagðar voru 450 milljónir í verkefnið en ekki hefur verið tekið saman hvað íslensk heilbrigðisyfirvöld spara við að hindra frekari útbreiðslu lifrabólgu C og koma í veg fyrir afleiðingar hennar á líf sjúklinga. „En það er eitt af því sem við munum skoða,” segir Sigurður.

## Ánægð með Ísland

Ástralski prófessorinn Margaret Hellard frá Burnet Institute og The Alfred Hospital hvatti Ísland áfram á Læknadögum. „Eftir því sem unnið er hraðar að því að útrýma lifrabólgu C, þeim mun árangursríkara og ódýrara,” sagði hún þar. Mikilvægt sé að hætta ekki átakinu of snemma.

Í viðtali við *Læknablaðið* sagði hún: „Áhrifamikið hefur verið að sjá Ísland meðal þeirra fyrstu til að ráðast í verkið. Það hefur verið vel stutt og fjármagnað, sem eru lykilkættir í árangrinum. Sérstíða þarf hvert svona verkefni að aðstæðum í hverju landi og ég tel að Ísland hafi staðið afar vel að verki.“

